



Viðbrögð við slysum í leikskólanum Hulduheimum



Fall

Barn sem dettur/ fellur á að standa sjálft upp. Ef barnið nær ekki að standa upp sjálft er hringt á sjúkrahús og hugað að barninu þar til hann kemur, ekki hreyfa við barninu.

Barn sem missir meðvitund vegna falls á að fara í skoðun. Ef barn dettur úr meira en tvöfaldri hæð þess á að fara í skoðun.

Látum foreldra vita af fallinu ef við þurfum að veita fallinu sérstaka meðferð – þau meta næstu skref eða við biðjum þau að sækja barnið

Meðvitundarleysi - hjartahnoð

Staðsetning handa á milli geirvarta, passa að sveigja háls aftur áður en byrjar er að hnoða

Hnoð/blástur: 30/2

Fullorðnir: 2 hendur

Börn 1 – 9 ára: 1 hönd

Ef einstaklingur missir meðvitund skal ALLTAF hringt í 112 og biðja um sjúkrahús

Beinbrot

Ef barn beinbrotnar hringjum við strax í foreldra barnsins. Ef um opið beinbrot er um að ræða, hringjum við í 112 og strax á eftir í foreldra barnsins.

Reynum eftir fremsta megni að hreyfa ekki við beinbrotinu.

Blóð

Ef við komum að blóðugu sári eða blóðnösum, förum við í hanska til að athafna okkur við sárið. Þetta er gert til að vernda barnið og okkur sjálf.

Þrýstum á sárið, helst með rökum köldum klút.

Ef blæðingin er mikil og hefur myndað gat á húð sem við teljum þörf á að láta lækni kíkja á, hringjum við í foreldra.

Ef barn missir meðvitund, kastar upp eða er með óráði á meðan sárið er meðhöndlað, þá er hringt í 112 og beðið um sjúkrahús.

Bit

Bit sem einstaklingur verður fyrir af annarri manneskju þarf að þrifa og kæla. Ef bitið er til blóðs þarf að athuga hvort viðkomandi einstaklingur sem var bitinn sé með stífkrampabólusetningu.

Stífkrampabólusetning dugar í 15 ár.

Mikilvægt er að láta foreldra beggja aðila vita.

Ef einstaklingur er bitinn af dýri þarf að fylgjast með hvernig það bregst við bitinu og láta foreldra vita.

Aðskotahlutur

Börn á leikskólaaldri – Slá fast á bak 5 sinnum ef það dugar ekki, er notað heimlich tak 5 sinnum.

Hringja skal í sjúkrahús ef ekki dugar að slá fast á bak 5 sinnum og halda áfram með heimlich og slá aftur á bak til skiptis þar til sjúkrahús kemur.

Bruni

Verði einstaklingur fyrir bruna þarf að kæla brunasárið, passa þarf að vatnið sé ekki of kalt og að barnið sé sem lengst í kælingu. Foreldrar látnir vita af stöðunni.

Hringt í 112

Þegar við hringjum í 112 fáum við þá inn sem næst slysi. Heimilsfang leikskólans er **Erlurimi 1**